



Starf sérfræðings í heimilislækningum við Heilsugæsluna í Garðabæ

Um er að ræða 100% ótímabundið starf sem veitist frá 1. júní 2016 eða eftir samkomulagi
Umsóknarfrestur er til 17. maí 2016.

Garðabær er vaxandi sveitarfélag með tæplega 15 þús. íbúa. Við Heilsugæsluna starfa nú sjö sérfræðingar í heimilislækningum í 5,5 stöðugildum, barnalæknir og fæðingarlæknir í hlutastörfum, félagsráðgjafi, hreyfistjóri/sjúkraþjálfari í hlutastöðu og tíu hjúkrunarfræðingar. Auk þess eru þrjú sérnámslæknar í heimilislækningum tengdir stöðinni og læknakandidatar hafa um árabíl fengið þjálfun á stöðinni. Þar starfa fastir kennarar í heimilislæknisfræði og samskiptafræði við Háskóla Íslands og umtalsverð kennsla læknanema fer fram á stöðinni.

Frekari upplýsingar um starfið:

Upplýsingar um starfið veita Bjarni Jónasson (bjarni.jonasson@heilsugaeslan.is) og Helga Sæunn Sveinbjörnsdóttir, Heilsugæslunni Garðabæ (helga.saeunn.sveinbjornsdottir@heilsugaeslan.is), í síma 520 1800.

Laun eru greidd samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá ásamt gögnum sem staðfesta menntun, fyrri störf, vísinda- og kennslustörf. Þeim gögnum sem ekki er hægt að skila rafrænt skal skilað til Svövu K. Þorkelsdóttur mannaússtjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Umsókn getur gilt í allt að 6 mánuði. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Við ráðningar í störf hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er ávallt tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is), undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

Hæfnikröfur:

- Krafist er að umsækjendur hafi sérfræðimenntun í heimilislækningum.
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af teymisvinnu.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Almennar lækningar.
- Heilsuvernd.
- Vaktþjónusta.
- Kennsla nema.
- Þátttaka í vísindarannsóknum, gæða- og umbótarverkefnum.